

## Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 25. maí 2022

### Fundargerð

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 2022 var haldinn að Laufásvegi 40 miðvikudaginn 25. maí kl. 16:00.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason, Samúel J. Samúelsson, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Pétur S. Jónsson, Hallur Ingólfsson, Óttarr Proppé, Snorri Helgason, Eyþór Gunnarsson, Áskell Másson, Puríður Jónsdóttir, Ragna Kjartansdóttir, Sigríður Thorlacius, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Arnór Dan Arnarson, Hafdís Bjarnadóttir, Birgir Steinn Stefánsson, Guðrún Ýr Eyfjörð og Magnús Jóhann Ragnarsson.

Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs og Einar Hafliði Einarsson endurskoðandi samtakanna.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn og stýrði honum. Bauð hann viðstadda velkomna og óskaði nýkjörnu fulltrúaráði til hamingju með kjörið.

Allir viðstaddir kynntu sig, en átta nýir aðilar komu inn í fulltrúaráðið í nýafstöðnum kosningum.

Aðalsteinn gerði grein fyrir fundarboði. Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 3. maí 2022, auk þess sem haft var samband við fulltrúaráðið ítrekað í kjölfarið með sendingum á hinum ýmsu fundargögnum.

Aðalsteinn lýsti eftir athugasemdum við fundarboðun. Enginn athugasemd kom fram. Á fundinum voru mættir 21 fulltrúar eða varamenn þeirra og var þannig fullnægt skilyrðum samþykta STEFs um lágmarksmætingu. Lýsti fundarstjóri því fundinn löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum lágu.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Fundarstjóri minntist fallins félaga, Ríkarðs Örn Pálssonar, sem lést á síðasta ári.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

### Venjuleg aðalfundarstörf

1. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu minntist hún m.a. á viðsnúning rekstrar samtakanna eftir heimsfaraldurinn og að tekjuárið 2021 hefði á margan hátt samt verið gott og þá sérstaklega hvað varðar erlendar tekjur og streymistekjur. Þá ræddi hún um nýja samninga við bæði Hörpu og Icelandair, sem skipta samtökin verulegu máli, en samningsmál gagnvart RÚV sagði hún snúin og að búið væri að vísa ágreiningi við RÚV um verð til sérstakrar úrskurðarnefndar í samræmi við 57. gr. höfundalaga. Þá ræddi hún um útrás lagahöfunda í formi lagahöfundabúða og vilja STEFs til að gera enn meira í þeim efnum, en fyrirhugaður væri sérstakur fundur með menningarráðherra vegna þessa. Að lokum gerði

hún sérstakt framlag stjórnvalda vegna tekjutaps tónhöfunda í tengslum við heimsfaraldurinn að umtalsefni, og sagði það einstaklega ánægjulegt að stjórnvöld skyldu að lokum bæði skilja vanda tónhöfunda vegna tekjutaps af tónleikahaldi og treysta STEFi til verksins. Hefði samstarfið við ráðuneytið um útfærslu sérstakra úthlutunarreglna gengið mjög vel og væri það mat hennar að úthlutun þessa fjár hefði í heild tekist vel, en auðvitað væru ekki allir ánægðir með sinn hlut að þessu leyti.

Bragi Valdimar, stjórnarformaður, tók til máls að lokinni skýrslu stjórnar STEFs og þakkaði sérstaklega starfsfólki STEFs fyrir vinnu sína og þá sérstaklega í því erfiða ástanda sem var meðan á heimsfaraldrinum stóð.

2. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði næst grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2021. Fyrir fundinn hafði áritaður ársreikningur verið sendur út til fulltrúaráðsins.

Allnokkrar umræður urðu um einstaka liði ársreikningsins og þá einna helst um þá liði er snúa að streymistekjum. Að umræðum loknum var ársreikningurinn borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

3. Kosning fimm manna í stjórn STEFs.

Af sjö manna stjórn eru formenn aðildarfélaganna sjálfkjörnir. Það eru þau Þórunn Gréta Sigurðardóttir og Bragi Valdimar Skúlason.

Sjö höfðu lýst yfir framboði í sætin fimm. Höfðu framboðin verið kynnt fulltrúaráðinu fyrirfram og fylgdu þeim upplýsingar um hagsmunatengsl frambjóðanda, eins og kveðið er á um í samþykktum. Í framboði voru þau Eyþór Gunnarsson, Hallur Ingólfsson, Magnús Jóhann Ragnarsson, Páll R. Pálsson, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason og Þuríður Jónsdóttir.

Fór fram leynileg atkvæðagreiðsla og var gert stutt fundarhlé á meðan hún stóð yfir. Framkvæmdastjóri, ásamt Guðmundi Þór Guðjónssyni fjármálastjóra STEFs, önnuðust talningu atkvæða.

Varð niðurstaðan sú að kjöri náðu Eyþór Gunnarsson, Hallur Ingólfsson, Sigríður Thorlacius og Þuríður Jónsdóttir. Voru þeir síðan jafnir að atkvæðum, Magnús Jóhann Ragnarsson og Sigurður Flosason. Var því varpað hlutkesti á milli þeirra með 10-krónu mynt, líkt og samykktir segja til um. Varð Sigurður Flosason hlutskarpari. Líklega er þetta í fyrsta skiptið sem til hlutkestis hefur komið við kosningu í stjórn STEFs.

Formaður fulltrúaráðsins þakkaði öllum frambjóðendum fyrir að bjóða sig fram.

Að þessu loknu tilkynnti nýkjörin stjórn um varamenn sína.

Puríður Jónsdóttir – varamaður Páll Ragnar Pálsson.  
Sigríður Thorlacius – varamaður Óttarr Proppé.  
Hallur Ingólfsson – varamaður Pétur S. Jónsson.  
Eypór Gunnarsson – varamaður Samúel J. Samúelsson.  
Sigurður Flosason – varamaður Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.  
Bragi Valdimar Skúlason – varamaður Snorri Helgason.  
Þórunn Gréta Sigurðardóttir – varamaður Hafdís Bjarnadóttir.

Framkvæmdastjóri tilkynnti fundinum, í samræmi við samþykktir STEFs, að hún sjálf hafi engar greiðslur þegið frá STEFi, fyrir utan laun og ekki sé um neinn hagsmunaárekstur að ræða á milli hennar og samtakanna.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Formaður fulltrúaráðs kynnti þá tillögu stjórnar að sömu skoðunarmenn verði kjörnir og áður: Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson. Til vara: Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning formanns fulltrúaráðsins.

Bragi Valdimar Skúlason tók yfir fundarstjórnina á meðan að þessi liður var afgreiddur. Lýst var eftir framboðum: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson gaf kost á sér. Engin önnur framboð komu fram og var Aðalsteinn því sjálfkjörinn í embætti formanns fulltrúaráðs næstu tvö ár.

6. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa, svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Formaður fulltrúaráðs kynnti tillögu stjórnar, sem lýtur að því að stjórnarlaunin taki breytingu skv. Vísitölu, en séu að öðru leyti óbreytt.

Tillagan var eftirfarandi:

Almennir stjórnarmenn fái kr. 691.092.  
Varaformaður fái kr. 1.382.184.  
Formaður fái kr. 2.764.368.  
Formaður fulltrúaráðs fái kr. 345.546.  
Skoðunarmenn fái kr. 121.818.

Engar aðrar tillögur komu fram. Var tillagan borin upp og hún samþykkt samhljóða.

## Önnur mál

### 1. Breytingar á úthlutunarreglum STEFs.

#### a) Nýjar úthlutunarreglur.

Formaður fulltrúaráðsins kynnti drög að nýjum úthlutunarreglum STEFs og eru þær í heild sinni viðauki við þessa fundargerð.

Í framhaldi af síðasta aðalfundi skipaði stjórn STEFs nefnd til að endurskoða úthlutunarreglur STEFs og leggja fram tillögur að breytingum á þeim til stjórnar og fulltrúaráðs. Í nefndinni áttu sæti Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Óttarr Proppé og Atli Ingólfsson, auk þess sem Guðrún Björk Bjarnadóttir starfaði með nefndinni allan tímann. Nefndin kynnti vinnu sína fyrir stjórn STEFs í október 2021 og síðan á fulltrúaráðsfundi í desember 2021. Einnig fjallaði nefndin að beiðni stjórnar sérstaklega um flokkunarkerfi STEFs og lagði fram tillögur varðandi það. Nú voru úthlutunarreglurnar lagðar fram með þeim breytingum sem nefndin lagði til og stjórn STEFs hefur farið yfir og samþykkt. Til útskýringar eru hér taldar upp helstu breytingarnar á reglunum:

- Í heildina hafa reglurnar verið færðar til samræmis við framkvæmd úthlutana hjá STEFi.
- Verklagsreglur um úthlutun voru felldar inn í úthlutunarreglurnar.
- Ákvæði sett inn um umsýslukostnað STEFs í mismunandi úthlutunum.
- Nýtt ákvæði um stórréttindi, sem skýrir og útvíkkar nokkuð umboð STEFs.
- Skýrari ákvæði um úthlutun, ef ekki eru fyrir hendi upplýsingar um tónflutning.
- Skýrari ákvæði um útvistun tiltekinnar vinnslu og úthlutunar.
- Nýtt ákvæði um skiptingu úthlutunar fyrir útvarp og sjónvarp skv. verklagsreglum.
- Ákvæði um að „cue sheet“ þurfi að berast fyrir úthlutun vegna kvikmynda og sjónvarps.
- Ný ákvæði um úthlutun fyrir tónlistarhátíðir og aðra viðburði.
- Ný tafla útbúin fyrir skiptingu höfundaréttar á milli rétthafa, nýja taflan er mun ítarlegri en sú eldri og notar eingöngu prósentur en ekki punkta. Nýja taflan sýnir einnig skiptingu verka með tilliti til útsetjara og setur um leið þak á hlut útsetjara. Auk þess er gert ráð fyrir samsettum verkum (þjóðlaga og nýrra verka), sem áður var að finna í sérreglum um þjóðlög.
- Nýtt ákvæði um útsetningar og sérstakur viðauki um útsetningar til skýringa.
- Breytt ákvæði um óþekkta höfunda og birtingu lista yfir verk þeirra.
- Nýtt ákvæði um útsetningar og sérstakur viðauki um útsetningar til skýringa.
- Skýrara ákvæði um útborgun og fyrningu greiðslna og einnig um fyrningu greiðslna til erfingja vegna skorts á upplýsingum.

- Nýtt ákvæði um skattlagningu með tilliti til nýlegra lagaákvæða um greiðslu fjármagnstekjuskatts af höfundaréttargreiðslum.
- Breytt ákvæði um lausn ágreinings, ágreiningi vísað til úrskurðarnefndar.

Formaður fulltrúaráðsins gerði það að tillögu sinni að nýjar úthlutunarreglur yrðu bornar upp í heilu lagi fyrir fundinn, engar athugasemdir voru gerðar við það fyrirkomulag. Voru reglurnar bornar upp og þær samþykktar samhljóða.

#### b) Sérstök ákvörðun vegna flokkunarkerfis.

Formaður fulltrúaráðs gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar um afnám flokkunarkerfis STEFs og hvað gæti þá komið í staðinn. Tillögurnar sem þá voru í vinnslu höfðu verið kynntar á síðast fulltrúaráðsfundi, auk þess sem stjórn hafði fjallað um þær í millitíðinni. Þá hafði fulltrúaráðinu verið sendar þessar tillögur fyrir fundinn.

Í kynningunni kom fram að allar breytingar á flokkunarkerfinu (utan þess að leggja það alveg niður) gera ráð fyrir því að þeir fjármunir sem viðkomandi tillögur fjalla um, fari í framhaldinu undir Menningarsjóð STEFs. Í þessu sambandi hafði nefndin það sem veganesti, að það væri mikilvægt að passa upp á að búa ekki til „félagslegt“ kerfi eða kerfi sem jafna má til lífeyriskerfis vegna alþjóðlegra skuldbindinga STEFs.

Í mjög stuttu máli voru tillögurnar eftirfarandi:

1. Gera engar breytingar á flokkunarkerfinu aðrar en að sameina fjögur skjöl í einn viðauka við úthlutunarreglurnar.
2. Flokkunarkerfið verði afnumið að fullu án þess að nokkuð komi í staðinn.
3. Sjálfsmat (tvær svipaðar leiðir færar). Höfundar flokka sjálfir verk sín við skráningu.
4. Virkir höfundar fái viðbótargreiðslur.
5. „Stórverkasjóður“.

Að lokinni þessari kynningu fékk Bragi Valdimar orðið og þakkaði endurskoðunarnefndinni unnin störf. Þá gerði hann grein fyrir skoðun stjórnar STEFs á málinu. Rakti hann í stuttu máli kosti og galla hvernar leiðar að mati stjórnar. Sagði hann frá því að stjórnin hefði sammælt um þá leið að leggja til afnám flokkunarkerfisins og að í staðinn kæmi nýr sjóður, „Stórverkasjóður“, sem hægt væri að sækja um í fyrir viðameiri verk, sem myndi um leið ýta undir að til verði heilbriggt pöntunarkerfi á verkum á landinu. Þessi leið sé málamiðlun og lending sem stjórn sé sátt við. Þá væri hann sérstaklega ánægður með það, að stjórnin hafi náð samkomulagi í þessu máli, sem styrr hefur staðið um í áraradír.

Áskell Músson kvaddi sér hljóðs. Taldi hann að sjálfsmatsleiðin væri mest í anda STEFs, en að ókosturinn við „Stórverkasjóð“ væri sá, að þá fengju ekki allir greitt fyrir stærri verk, heldur einungis þeir sem sérstaklega sæktu um styrki í sjóðinn. Þá gerði hann grein fyrir því, að á árinu 2016 hafi verið gerðir breytingar á úthlutunarreglum hvað varðar minni tónleika, sem hafi haft mikil áhrif á afkomu tónskálda. Að ná 50-80 manns á tónleika taldi hann góðan árangur, en fyrir slíkt fáist mjög lítið greitt frá STEFi miðað við að lágmarksverðskrá STEFs. Áskell taldi að hlúa þyrfti betur að grasrótinni og framsækinni tónsköpun. Innheimta STEFs frá litlum tónleikastöðum, þar sem slík tónlist er aðallega flutt, geti ekki staðið undir eðlilegu endurgjaldi til tónskáldanna fyrir flutning verka þeirra. Staðirnir sjálfir geti þó tæplega staðið undir meiri innheimtu og umbunað höfundunum réttlátlega. Úthlutun STEFs með uppbótum, eins og þeim sem tíðkuðust fyrir árið 2016, staldi hann léttvæg fyrir samtökin, en mjög mikilvæg fyrir höfundana. Þetta telur Áskell að þurfi að laga. Lagði Áskell því til að samþykkja leið 3, þ.e.a.s. sjálfsmat. Nefndi Áskell einnig að önnur Norðurlönd hafi losað sig við flokkunarkerfi og sett á ný kerfi í staðinn, en ánægja og útkoma með þeim kerfum hafi verið mjög mismunandi á milli landa.

Bragi Valdimar svaraði því til, að tónleikaumhverfið sé erfitt fyrir alla, svo og innheimta fyrir höfunda af tónleikum. Hugsanlega þurfi að hugsa upp á nýtt allt tónleikaumhverfið. En hvort eðlilegt sé að uppbætur fyrir minni tónleika komi frá öðrum höfundum sé spurningin. Stóra verkefnið er að reyna að stækka frekar kókuna.

Óttarr Proppé tók til máls og minnti á að sama fjárhæð er alltaf til skiptanna, sama hvaða leið er valin og takmarkast hún af því sem rúmast inni í Menningarsjóði STEFs.

Sigurður Flosason kvaddi sér næst hljóðs og sagði það sérlega gleðilegt að stjórnin væri samstíga í afstöðu sinni og að leið númer fimm myndi henta öllum tegundum tónlistar. Hins vegar ætti eftir að búa til úthlutunarreglur fyrir slíkan nýjan „Stórverkasjóð“, sem auðvitað skiptir miklu máli varðandi það hvernig til mun takast.

Formaður fulltrúaráðs tilkynnti að leið númer fimm, sem sem stjórn mælti með, yrði fyrst borin undir fundinn. Ef hún yrði felld, þá yrði kosið á milli allra tillagna. Engin athugasemd kom fram um þá tilhögun.

Tillaga númer fimm var borin undir fundinn með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Var tillagan samþykkt.

Upplýst var, að breytingin um afnám flokkunarkerfisins myndi taka gildi frá og með næstu áramótum og að fyrsta úthlutun úr hinum nýja „Stórverkasjóði“ yrði væntanlega um vorið 2023. Yrði það verk nýrrar stjórnar að huga að stofnun sjóðsins nú á haustmánuðum.

c) Sérstök ákvörðun vegna afnáms nefnda.

Samhliða niðurlagningu flokkunarkerfis STEFs leggur stjórnin það til þær breytingar á verklagi við úthlutun STEFs, að lagðar verði niður tvær nefndir sem koma að úthlutun fyrir bakgrunnstónlist að hluta til. Þetta eru „DMB-nefndin“ (Dansleikir, mannfagnaðir og bakgrunnstónlist) og „Sigræna nefndin“. Rökstuðningurinn með þessu er sá, að STEFi berast sífellt betri upplýsingar um tónlistarnotkun í bakgrunni. Það er því ekki lengur talin jafn mikil þörf á huglægu mati við slíka úthlutun. Taka nýjar úthlutunarreglur STEFs á því hvernig fara skuli með úthlutun að þessu leyti. Formaður fulltrúaráðs gerði það að tillögu sinni að niðurlagning þessara nefnda yrði afgreidd í einu lagi og gerði enginn athugasemd við það fyrirkomulag. Var þetta borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

2. Breytingar á samþykktum.

Stjórn lagði fram tvær tillögur að breytingum á samþykktum, annars vegar varðandi rafræna atkvæðagreiðslu og hins vegar varðandi varamenn í stjórn. Eru þessar tillögur samhljóða þeim sem voru bornar undir aðalfund STEFs 2020 og samþykktar þá. Því miður láðist að bera þær aftur undir aðalfund 2021 og er því þörf á að aðalfundur fulltrúaráðs nú taki þær aftur til afgreiðslu. Voru tillögurnar kynntar og afgreiddar í sitthvoru lagi.

A. Breyting á greinum 5.7 og 5.8 í samþykktum STEFs – rafræn atkvæðagreiðsla.

Breytingin felur í sér að rafræna atkvæðagreiðsla verði meginreglan við kosningu til fulltrúaráðs. Áfram verði þó hægt að óska eftir því að greiða atkvæði bréflega.

Núgildandi ákvæði samþykktanna:

- 5.7 Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver réttthafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal réttthafinn krossa við nafn eins þeirra. Að því loknu setur hann kjörseðilinn í lokað umslag. Umslögin með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðanda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auðkenni, sem bent gætu til þess hver kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs. Ávallt skal þó séð til þess að a.m.k. þrjú úr hópi hinna sjö fulltrúa komi úr hópi réttthafa utan aðildarfélaga.
- 5.8 Auk atkvæðagreiðslu skv. grein 5.7. skal þeim sem þess óska vera gert mögulegt að greiða atkvæði á rafrænan hátt. Skal stjórn ákveða nánar hvernig slík kosning skuli framkvæmd með öruggum og áreiðanlegum hætti.

Tillaga að breytingu:

- 5.7 Atkvæðagreiðslan Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver rétthafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal rétthafinn krossa við nafn eins þeirra. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað til um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs.

Sé kosning bréflög fer hún fram á eftirfarandi hátt:

Kjörseðillinn skal settur í lokað umslag. Umslöginn með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðanda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auð-kenni, sem bent gætu til þess hver kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður.

- 5.8 Stjórn er heimilt að ákveða að í stað atkvæðagreiðslu skv. grein 5.7 skuli atkvæðagreiðsla vera rafræn. Þeim sem þess óskað skal þó í slíkum tilvikum vera gert mögulegt að greiða atkvæði bréflaga. Skal stjórn ákveða nánar hvernig rafræn kosning skuli framkvæmd með öruggum og áreiðanlegum hætti.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Undir þessum lið óskaði Pétur Jónsson eftir því að fá orðið og benti á að framkvæmdina við rafrænu kosninguna þurfi að skoða, en nokkur vandkvæði voru við að kjósa rafrænt nú síðast.

- B. Breyting á greinum 4.1, 4.5 og 4.13 er varðar varamenn í stjórn. Tillagan gengur út á það, að ekki þurfi að tilkynna fyrir aðalfund fulltrúaráðs hverjir gefi kost á sér í varastjórn, heldur verði nýkjörnum stjórnarmönnum gefinn kostur á að tilnefna varamenn eftir stutt fundarhlé á aðalfundinum.

Núgildandi ákvæði samþykktanna:

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa sjö menn úr hópi fulltrúaráðs. Formenn aðildarfélaga STEFs eru skipaðir án kjörs í stjórnina. Fimm stjórnarmenn eru síðan kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs til tveggja ára í senn. Skal einn hið minnsta koma úr hvoru aðildarfélagi fyrir sig og eigi færri en einn vera utan þessara félaga. Eftir kjör aðalmanna skal á aðalfundi fulltrúaráðsins hver aðalmaður tilnefna sinn varamann úr hópi fulltrúaráðsins.
- 4.5 Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Skal slíkt gert með því að kjörstjórn sendir tilkynningu til kjörinna fulltrúarráðsmanna. Skulu þeir tilkynna um framboð með a.m.k. viku fyrirvara. Það sama á við um þá sem gefa kost á sér í varastjórn.



- 4.13 Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna og er þá heimilt að boða þá með skemmri fyrirvara en gildir almennt um boðun stjórnarfunda. Ef ljóst er að aðalmaður í stjórn getur ekki sinnt skyldum sínum um lengri tíma eða segi hann af sér stjórnarmennsku áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans. Þess skal gætt ef hægt er, að viðkomandi varamaður sé frá sama aðildarfélagi og aðalmaðurinn eða utan félaga sé um slíkt að ræða.

Tillaga að breytingu:

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa sjö menn úr hópi fulltrúaráðs. Formenn aðildarfélaga STEFs eru skipaðir án kjörs í stjórnina. Fimm stjórnarmenn eru síðan kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs til tveggja ára í senn. Skal einn hið minnsta koma úr hvoru aðildarfélagi fyrir sig og eigi færri en einn vera utan þessara félaga. Eftir kjör aðalmanna á aðalfundi fulltrúaráðsins skal gera stutt fundarhlé. Að fundarhlé loknu skal hver aðalmaður tilnefna sinn varamann úr hópi fulltrúaráðsins.
- 4.5 Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Skal slíkt gert með því að kjörstjórn sendir tilkynningu til kjörinna fulltrúaráðsmanna. Skulu þeir tilkynna um framboð með a.m.k. viku fyrirvara.
- 4.13 Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna og er þá heimilt að boða þá með skemmri fyrirvara en gildir almennt um boðun stjórnarfunda. Ef ljóst er að aðalmaður í stjórn getur ekki sinnt skyldum sínum um lengri tíma eða segi hann af sér stjórnarmennsku áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans.

Tillagan var borin undir fundinn og hún samþykkt samhljóða.

3. Rammi um tiltekin störf STEFs.

Fulltrúaráð setti ramma á aðalfundi 2019 um tiltekin störf stjórnar STEFs í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum STEFs 2018. Var þessi ramma sendur út með fundargögnum til fulltrúaráðs og hann enn fremur birtur á heimasíðu STEFs. Ekki hafa komið fram tillögur til breytinga á því sem þá var ákveðið og er það því tillaga stjórnar að sami ramma verði staðfestur nú.

Var tillagan borin undir fundin og hún samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál, löglega fram borin á fundinum.

Magnús Jóhann Ragnarsson spurði um kynjahlutföll í fulltrúaráði og stjórn. Hefur þetta verið sérstaklega rætt innan FTT. Erum að læra á nýtt kosningakerfi þar sem tilnefningar félaganna eru ekki lengur til staðar. Magnús nefndi einnig að stjórn og fulltrúaráð mætti endurspeglar betur aldursdreifingu höfunda STEFs. Hafdís Bjarnadóttir nefndi að í þessu sambandi mætti einnig skoða

dreifingu á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Góð dreifing skiptir máli. Þurfa allir að hafa þetta í huga til framtíðinni.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Fundi var slitið af formanni kl. 19:00.

## Viðauki við fundargerð aðalfundar fulltrúarráðs 25. maí 2022

### Úthlutunarreglur STEFs

#### 1. grein

Höfundaréttargreiðslum þeim, sem STEFi ber að greiða tónskáldum, textahöfundum og öðrum rétthöfum fyrir flutning tónverka, skal úthlutað samkvæmt höfundalögum og þeim reglum sem hér fara á eftir.

#### 2. grein – Almennar meginreglur um úthlutun

STEF innheimtir höfundaréttargjöld fyrir flutning tónverka. Af þeim er dreginn kostnaður við starfsemi samtakanna og samþykkt framlag í *Meningarsjóð STEFs*. Upphæðinni sem þá er eftir er úthlutað til rétthafa eftir á, miðað við flutning verka þeirra á því ári sem gjöldin falla til.

Tillit skal tekið til eftirtalinnna sjónarmiða við úthlutun á höfundaréttargreiðslum eftir því sem við á:

1. Kostnaðar við innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt síðasta staðfesta ársreikningi. Á þeirri meginreglu eru eftirfarandi undantekningar:
  - 1.1 Vegna innheimtra tekna af tónleikum reiknar STEF 10% umsýslukostnað.
  - 1.2 Vegna innheimtra tekna frá erlendum systursamtökum reiknar STEF 3% umsýslukostnað.
  - 1.3 Vegna innheimtra tekna frá alþjóðlegum tónlistarveitum reiknar STEF 3% umsýslukostnað.
2. Hlutfalls verndaðrar tónlistar af því efni sem flutt er, til dæmis í dagskrá útvarpsstöðva eða á tónleikum, þannig að hærri greiðslum sé úthlutað eftir því sem hlutfallið eykst.

#### 3. grein – Framlag í *Meningarsjóð STEFs*

*Meningarsjóður STEFs* styður við framgang íslenskrar tónlistar í samræmi við ákvæði samþykpta STEFs. Framlag í *Meningarsjóð STEFs* má nema allt að 10% af innheimtum höfundaréttargjöldum, að frádregnum kostnaði, eftir ákvörðun aðalfundar samtakanna hverju sinni.

#### 4. grein – Sviðsverk - stórréttindi

Að því marki sem áður útgefin tónlist er notuð í sviðsverkum skal úthlutað hlutfallslega miðað við þau höfundaréttargjöld sem innheimt eru af hverju leikhúsi fyrir sig, eða þeim sem setur upp sviðsverk og þeim tónlistarskýrslum sem berast.

Samkvæmt aðildarsamningum STEFs við meðlimi hefur STEF ekki umboð til að semja um stórréttindi þeirra (e: Grand Rights) og þar af leiðandi úthlutar STEF ekki til höfunda vegna slíkra nota. Það er eingöngu á forræði tónhöfunda sjálfra að semja um flutningsrétt verka sem falla undir stórréttindi.

Hugtakið *stórréttindi* á við um tónverk sem hafa verið sérstaklega samin til að vera hluti af leikverki, s.s. ef um er að ræða leikhúsverk, óperu, söngleik, ballett eða dansverk. Leikhúsverk telst að þessu leyti vera verk með einhverskonar söguþræði og/eða persónum. Í flestum slíkum tilvikum fer réttihafi sviðsverksins með réttinn til að semja um uppsetningu þess eða aðra notkun og þar með tónlistarinnar í verkinu og ber hann þá ábyrgð gagnvart tónhöfundum að gæta réttinda þeirra.

Mörkin á því hvort uppsetning teljist falla undir stórréttindi eða ekki fer eftir því hvort tónverkið sé flutt með búningum, leikmynd og leikgerð sem vísar til upphaflegs sviðsverks. Leyfi STEFs vegna tónlistar í sviðsverki fylgir þó ekki leyfi til notkunar vörumerkis upphaflegs sviðsverks, bíómyndar eða t.d. nafna þekktra listamanna.

Ef tónverk sem er hluti af sviðsverki og stórréttindum er flutt sem hluti af öðru sviðsverki en því sem það var sérstaklega samið fyrir, eða ef það er flutt á tónleikum, þá telst ekki vera um stórréttindi að ræða og veitir þá STEF leyfi fyrir flutningnum og úthlutar fyrir á hefðbundinn hátt sem verk flutt á tónleikum eða verk flutt í leikhúsi, enda sé verkið eða hlutar þess skráðir hjá STEFi.

Hafi tónlist sviðsverksins verið gefin út sem hljóðrit eða sem hljóð- og myndverk, þurfa þeir aðilar sem á annað borð hafa heimild STEFs til opinbers flutnings ekki sérstakt leyfi fyrir flutningi verksins í miðlum sínum og er þá úthlutað fyrir slíkan flutning eins og annan sjónvarps- eða útvarpsflutnings eða þá t.d. flutning í kvikmyndahúsum, í endurvarpi eða VOD þjónustu. Á slíkt einnig við um óútgefin verk, hafi viðkomandi aðili sem flytur verkið opinberlega á annað borð heimild til flutnings verksins. Í öllum þessum tilvikum úthlutar STEF fyrir flutninginn eins og fyrir annan flutning í viðkomandi miðli. Það sama á við ef hluti sviðsverks sem telst til stórréttinda er hluti af þáttum eða heimildamyndum sem sjónvarpað er.

Ef viðkomandi verk er flutt erlendis fer það eftir reglum höfundaréttarsamtaka í viðkomandi landi hvort flutningur þess þar telst falla undir stórréttindi eða ekki.

## 5. grein – Úthlutunarflokkar

Höfundaréttargreiðslum skv. 2. grein skal úthlutað í sem mestu samræmi við þau gjöld sem innheimt eru fyrir flutning hvers tónverks um sig. Úthlutun höfundaréttargreiðslna tekur mið af eftirtöldum flokkum, eins og nánar er kveðið á um í 6. grein:

1. Tónlist í hljóðvarpi.
2. Tónlist í sjónvarpi.
3. Tónleikar.
4. Dansleikir og aðrar samkomur þar sem lifandi tónlist er flutt.
5. Bakgrunnstónlist, svo sem á veitingastöðum og í verslunum.
6. Tónlist við kirkjulegar athafnir, þ.m.t. útfarir.
7. Tónlist á kvikmyndasýningum.
8. Tónlist á leiksýningum.
9. Tónlist á netinu, þ.m.t. streymi og niðurhal frá tónlistarveitum.
10. Sönghefti.
11. Eintakagerð.
12. Hljóðsetning.
13. Eintakagerð til einkanota frá IHM.
14. Streymisþjónusta á myndmiðlun eftir pöntun (VOD – e: Video On Demand, þ.m.t. s.k. TVOD og SVOD).<sup>1</sup>
15. Frumflutningur.

STEF getur útvistað bakvinnslu og samkeyrslu tiltekinna úthlutunarflokka til þriðja aðila eftir því sem þörf þykir á hverjum tíma.

Stærstu úthlutunarflokkum eru gerð frekari skil hér að neðan.

## 6. grein – Úthlutun byggist á tiltækum upplýsingum

Úthlutun höfundaréttargreiðslna miðast við þær upplýsingar um flutning tónverka sem STEFi berast eða samtökin afla með öðrum hætti og samkeyrslu þeirra við gagnagrunn STEFs. Ber helstu viðskiptavinum STEFs að láta í té ítarlegar tónlistarskýrslur yfir tónlistarflutning sinn, skv. samningum við STEF. Af hagkvæmni- og kostnaðarástæðum er ekki gerð krafa um upplýsingar fluttra tónverka í öllum tilvikum.

### 6.1 Hljóðvarp og sjónvarp

Úthlutun höfundaréttargreiðslna fyrir flutning í hljóðvarpi og sjónvarpi byggist á þeim höfundaréttargjöldum sem innheimt eru af sérhverri hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og skýrslum yfir opinberan flutning tónlistar samkvæmt samningum milli STEFs og viðkomandi fyrirtækis. Úthluta skal sérstaklega fyrir flutning á hverri og einni útvarps- eða sjónvarpsstöð og – eftir því sem við á – hverri og einni útvarps- og sjónvarpsrás. Í þeim tilvikum þar sem sami viðskiptavinurinn rekur bæði útvarps- og sjónvarpsstöð, skal úthlutunum skipt þannig að 80% fjármuna er úthlutað vegna útvarps og 20% vegna sjónvarps.

<sup>1</sup> TVOD stendur fyrir *Transactional Video On Demand*, sem þýðir gagnvirk myndmiðlun eftir pöntun (oftast gegn gjaldi) og SVOD stendur fyrir *Subscriptional Video On Demand*, sem þýðir áskriftarþjónusta af myndmiðlun eftir pöntun.

Í þeim tilvikum, þar sem sami viðskiptavinurinn rekur fleiri útvarpsstöðvar eða fleiri sjónvarpsstöðvar, skal úthlutunum skipt þannig milli stöðvanna að 30% fjárhæðarinnar miðast við magn tónlistar sem flutt er á stöðinni og 70% samkvæmt hlustenda- eða áhorfskönnunum.

Fyrir einkennislög þátta er úthlutað eins og fyrir annan tónlistarflutning í viðkomandi þætti, hvort sem um er að ræða frumsamda eða áður útgefna tónlist. Sé þáttur daglega eða oftar á dagskrá, þá telst einkennislag hans falla undir úthlutun fyrir *dagskrárstef*. Þetta á t.d. við um stef sem flutt eru fyrir og eftir auglýsingar, fréttastef og stef viðkomandi sjónvarps eða hljóðvarpsstöðvar. Úthlutað skal fyrir slík stef 2,5% af heildarúthlutunarfjárhæð frá viðkomandi viðskiptavini, skipt milli einstakra miðla eða stöðva, ef um fleiri en einn miðil er að ræða, skv. ofangreindum reglum um skiptingu úthlutunarfjárhæðar milli miðla.

STEF úthlutar ekki fyrir birtingu auglýsinga í hljóðvarpi eða sjónvarpi.

Ef útvarps- eða sjónvarpsútsendingar eru innan takmarkaðs landfræðilegs svæðis og innheimt höfundarréttargjöld óveruleg, skal úthlutunin byggjast á tónlistarskýrslum sem aðrar stöðvar af svipuðum toga láta STEFi í té.

Ekki er hægt að úthluta vegna kvikmynda- og sjónvarpsefnis sem framleitt er hér á landi, nema að svonefnd tónlistarskýrsla (e. Cue Sheet) hafi borist STEFi um þá tónlist sem finna má í viðkomandi þætti eða kvikmynd.

## 6.2 Bakgrunnstónlist

Þegar STEF fær litlar eða engar upplýsingar um hvaða tónverk hafa verið flutt, til dæmis sem bakgrunnstónlist, er meginreglan um höfundaréttargreiðslur að úthlutað er í samræmi við flutning tónlistar á öðrum vettvangi, svo sem í útvarpi eða frá streymisþjónustum. Þetta gildir ef sýnt þykir að tónlistarflutningurinn sem um ræðir sé ekki ósvipaður tónflutningi í viðkomandi miðlum.

Teljast slíkur samanburður ótækur, þá skal úthluta viðkomandi tekjum hlutfallslega miðað við heildarúthlutun síðastliðins árs. Ef unnt er að afla frekari upplýsinga um flutning tónlistar sem fellur innan þessara flokka, án óeðlilegs kostnaðar, með því að nota úrtak af fluttum tónverkum, má einnig byggja úthlutun í þessum flokkum á slíkum upplýsingum. Úthlutun í þessum tilvikum skal vera í eins nákvæmu samræmi við raunverulega tónlistarnotkun og unnt er.

Stjórn STEFs tekur ákvörðun um viðmið varðandi úthlutun bakgrunnstónlistar innan ofangreinds ramma.

## 6.3 Lifandi flutningur tónlistar

Úthlutun höfundaréttargreiðslna fyrir lifandi flutning tónlistar byggist á innheimtu höfundaréttargjalda af hverjum tónleikum fyrir sig og þeim tónlistarskýrslum sem tónleikahaldarar og/eða viðkomandi listamenn eða rétthafar skila til STEFs. Í þeim tilvikum sem

STEF hefur undirritað samning við tónleikastað, sem greiðir fasta fjárhæð höfundaréttargjalds á ári og höfundaréttargjöld af hverjum viðburði fyrir sig eru óveruleg, byggist úthlutunin á tónlistarskýrslum sem STEFi berast um flutning tónlistar á viðkomandi stað, sem hlutfall af meðalfjölda tónleika. Sama regla er notuð um tónlistarhátíðir, en þá er úthlutun hlutfölluð miðað við meðalfjölda tónleika eða atriða á viðkomandi hátíð.

Sé um að ræða tónleika sem kenndir eru við eina hljómsveit eða flytjanda og áheyrendur eru fleiri en 1.000, skulu 90% höfundaréttargreiðslna af tónleikunum koma í hlut rétthafa tónlistar sem flutt er af viðkomandi hljómsveit eða flytjanda. Rétthafar tónlistar sem flutt er af öðrum hljómsveitum eða flytjendum, svo sem „upphitunarhljómsveitum“, fá í sinn hlut 10% af höfundaréttargreiðslum vegna tónleikanna.

Fyrir aðra viðburði eins og árshátíðir og skólaskemmtanir, þar sem lifandi flutningur tónlistar fer fram miðast úthlutun við meðaltal gesta (stærri og minni skemmtanir skv. verðskrá STEFs) og að í heild séu flutt um 35 lög á slíkri skemmtun.

## 7. grein - Frumflutningur

Úthlutað er sérstaklega fyrir frumflutning verks. Frumflutningur tekur til hvers nýs verks sem meðlimir samtakanna hafa skráð og sem sannarlega hefur verið frumflutt hérlendis. Í því sambandi skiptir ekki máli í hvaða miðlum verkið hefur verið frumflutt eða það frumflutt á tónleikum. Frumflutningur tekur einnig til meðlima erlendra höfundaréttarsamtaka sem eiga ný verk sem hafa verið heimsfrumflutt hér á landi. Höfundur ber ábyrgð á að tilkynna frumflutning til skrifstofu STEFs.

## 8. grein – Skráning tónverka

Rétthafar tilkynna verk sín til STEFs og skulu þau skráð í gagnagrunn samtakanna eftir þeim upplýsingum sem tilkynningunni fylgja. Tónverk er aðeins hæft til úthlutunar höfundaréttargreiðslna ef viðeigandi upplýsingar um tónverkið hafa verið skráðar.

Skráningu tónverks má aðeins breyta með nýrri tilkynningu sé hún undirrituð eða sannarlega samþykkt af öllum þeim sem undirrituðu upphaflegu tilkynninguna eða voru tilkynntir sem höfundar á henni eða rétthöfum þeirra.

Höfundaréttur á verki er óháður skráningu STEFs á tónverki.

STEF axlar enga ábyrgð og veitir enga tryggingu gegn skaða sem aðili getur orðið fyrir í tengslum við úthlutun höfundaréttargreiðslna eða við verndun á höfundarétti sem rekja má til rangra eða ófullnægjandi tilkynninga um verk.

## 9. grein – Skipting á höfundaréttargreiðslum milli rétthafa

Höfundarétti hvers verks skal skipt upp í hundraðshluta. Höfundar geta samið um skiptingu höfundaréttar á milli sín og því sýnir taflan hér að neðan eingöngu viðmið um skiptingu sem höfundar geta stuðst við. Í ákveðnum tilvikum er hlutdeildin þó ekki umsemjanleg, en í töflunni birtist hæsta hlutdeild sem útsetjara er heimil. Það á einnig við í þeim tilvikum þegar hluti verksins (annaðhvort tónverk eða texti) er ekki í vernd, en þá eru settar skorður við hámarkshlut þess höfundar sem bætir við slíkt verk (annað hvort nýju tónverki eða nýjum texta).

Þegar rætt er um að verk sé ekki í vernd á það einnig við um þau tilvik sem höfundur er óþekktur.

	Tónskáld	Textahöfundur	Útsetjari
Tónverk án texta	100%	-	-
Tónverk og texti, samið samtímis*	50%	50%	-
Tónverk samið við eldri texta	66,67%	33,33%	-
Tónverk samið við eldri texta, ef texti er ekki í vernd	66,67%	-	-
Texti er saminn við eldra tónverk	50%	50%	-
Texti saminn við eldra tónverk, ef tónverk er ekki í vernd	-	50%	-
<b>Útsett verk:</b>			
Útsett tónverk án texta	83%	-	16,67%
Útsett tónverk og texti, samið samtímis*	33,33%	50%	16,67%
Útsett tónverk samið við eldri texta	50%	33%	16,67%
Útsett tónverk samið við eldri texta, ef texti er ekki í vernd	50%	-	16,67%
Útsett tónverk án texta, ef tónverk er ekki í vernd**	-	-	16,67%
Texti með útsettu tónverki, ef tónverk er ekki í vernd, en útsetningin er í vernd	-	50%	16,67%

#### Samsett verk (þjóðlag og nýtt verk)\*\*:

	Tónskáld	Textahöfundur	Þjóðlag	Útsetjari
Tónverk og þjóðlag án texta	50%	-	(50%)	-
Tónverk og þjóðlag með þjóðvísu	33,34%	(33,33%)	(33,33%)	-
Tónverk og útsett þjóðlag án texta	50%	-	(33,33%)	16,67%
Tónverk og útsett þjóðlag með þjóðvísu	33,34%	(33,33%)	(16,67%)	16,67%
Þjóðlag með nýjum texta	-	50%	(50%)	-
Tónverk og þjóðlag með nýjum texta	33,34%	33,34%	(33,33)%	-
Útsett þjóðlag með nýjum texta	-	50%	(33,33%)	16,67%
Tónverk og útsett þjóðlag með nýjum texta	33,34%	33,34%	(16,67%)	16,67%



\* Orðalagið „samið samtímis“ þýðir að út kemur saman eða flutt er saman nýtt og áður óútgefið tónverk og texti.

\*\* Hér er verið að vísa í það sem í daglegu tali eru oft nefnd *þjóðlög*, en á einnig við um önnur verk sem ekki njóta verndar höfundaréttar s.s. vegna aldurs verks.

\*\*\* Hér er átt við þegar nýju verki er skeytt saman við þjóðlag, á þann hátt að úr verður nýtt verk, með eða án útsetningar á þjóðlaginu, þannig að nýsköpun sé umtalsverður hluti hins samsetta verks. Sama krafa er gerð til nýs texta. Með þessari töflu er sett inn sú lágmarkshlutdeild sem þjóðlag eða þjóðvísa nýtur.

Svigi utan um hlutfall þýðir að um sé að ræða reiknaða stærð verks, en sem ekki er greidd út þar sem viðkomandi hluti verks er ekki í vernd.

Athygli er vakin á því að þegar nýtt tónverk eða nýr texti er settur við eldri texta eða eldra tónverk sem er í höfundaréttarvernd, þarf ávallt leyfi höfundar, hvort sem um er að ræða textahöfundinn eða tónhöfundinn.

## 10. grein - Útsetningar

Við skráningu hlutdeildar til útsetjara er gert ráð fyrir að útsetningin fullnægi lágmarkskröfum um útsetningu. Slíkt felur í sér að útsetjarinn hafi skilað sjálfstæðu frumlegu framlagi við upprunalega verkið. STEF áskilur sér rétt til að meta framlag útsetjara að þessu leyti og breyta eða afnema skráningu á útsetjarahlut í kjölfarið. Í *viðauka 1* við reglur þessar er að finna frekari leiðbeiningar um útsetningar.

## 11. grein – Úthlutun til meðlima annarra höfundaréttarsamtaka

Höfundaréttargreiðslum til rétthafa, sem aðild eiga að systursamtökum STEFs erlendis, skal úthlutað í samræmi við gagnkvæma samninga sem STEF hefur gert við viðkomandi samtök. Skal STEF leitast við að gera slíkt á sem hagkvæmastan hátt og getur stjórn ákveðið að útvista þessum hluta úthlutunar til þriðja aðila s.s. eins og annarra erlendra systursamtaka. Við þá úthlutun skal fylgt sömu reglum og við úthlutun til rétthafa sem aðild eiga að STEFi. Úthlutun til erlendra rétthafa skal í það minnsta eiga sér stað einu sinni á ári.

## 12. grein - Úthlutun höfundaréttargreiðslna frá erlendum höfundaréttarsamtökum

Erlend höfundaréttarsamtök sem annast hagsmunagæslu fyrir rétthafa innan STEFs, samkvæmt gagnkvæmum samningum, annast úthlutun höfundaréttargreiðslna til STEFs fyrir íslenska tónlist sem flutt er í þeirra umdæmi. Tímasetning þessara úthlutana er mismunandi eftir höfundaréttarsamtökum, en STEF úthlutar þeim tekjum sem samtökunum berast að jafnaði fjórum sinnum á ári.

## 13. grein - Óþekkt og óskráð tónverk

STEF gerir sitt ýtrasta til að bera kennsl á tónverk sem tilkynnt er um flutning á. Þetta er gert með því að bera saman skýrslur við gagnagrunn STEFs, bæði sjálfvirkt og handvirkt. Ef tónverkið er enn óþekkt tekur eftirfarandi ferli við:

- a. Ef vitað er hver höfundurinn er, þá er haft samband við hann og verkið skráð.
- b. Í því tilviki að engin samsvörun finnst, þá er óþekktu tónverkinu bætt við lista af óþekktum tónverkum. Öllum tónverkum er bætt við listann þegar þau hafa náð lágmarksfjárhæð úthlutunar. Listinn er birtur á heimasíðu STEFs og uppfærður þar reglulega.

Höfundaréttargreiðslum fyrir notkun á óþekktum tónverkum og höfundaréttargreiðslum sem haldið er eftir vegna lágmarksreglunnar sem tilgreind er í 14. grein er úthlutað hlutfallslega til rétthafa þekkra tónverka.

#### 14. grein – Útborgun höfundaréttargreiðslna

STEF úthlutar höfundaréttargreiðslum svo fljótt sem auðið er, hafi allar nauðsynlegar upplýsingar vegna úthlutunarinnar borist. Höfundaréttargreiðslur skulu lagðar inn á bankareikning samkvæmt fyrirmælum viðkomandi rétthafa.

Ekki er lágmark á úthlutunarfjárhæð, en stjórn er heimilt að setja á slíkt lágmark ef þörf krefur.

Athugasemdir við úthlutun þurfa að berast innan þriggja mánaða frá dagsetningu úthlutunar, að öðrum kosti telst rétthafi hafa samþykkt úthlutunina.

Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að úthluta til rétthafa fyrir flutning tónlistar, s.s. ef skráning hefur ekki borist, skráning er röng eða ófullkomin eða ágreiningur er um höfundarétt viðkomandi verks, fynnist réttur til úthlutunar á tveimur árum frá þeim tíma sem úthlutun hefði getað átt sér stað, sé ekki bætt úr þeim ágöllum sem hindra úthlutunina innan þess tíma.

Sé um að ræða fleiri en einn rétthafa, s.s. þegar um er að ræða erfingja tónskálds eða textahöfundar, skal greiðslum úthlutað til sameiginlegs fyrirsvarsmanns. Bera viðkomandi rétthafar ábyrgð á því að skila inn upplýsingum til STEFs hver sé fyrirsvarismaður þeirra. Berist ekki slíkar upplýsingar fynrast greiðslur á sama hátt og aðrar greiðslur sem ekki er unnt að koma til skila.

#### 15. grein – Skattlagning

STEFi ber að halda eftir skatti af höfundaréttargreiðslum í samræmi við lög á hverjum tíma. Af höfundaréttartekjum til einstaklinga ber STEFi að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts og skila til ríkissjóðs. Lögaðilar greiða skatt af höfundaréttartekjum með öðrum tekjum sínum á þann hátt sem gildir um rekstrarform þeirra.

## **16. grein – Ágreiningur**

Verði ágreiningur um túlkun þessara úthlutunarreglna milli STEFs og meðlima samtakanna, getur viðkomandi meðlimur vísað ágreiningnum til þriggja manna úrskurðarnefndar sem skipuð skal af stjórn STEFs.

## **17. grein – Gildistími**

Reglur þessar leysa af hólmi eldri úthlutunarreglur frá 2011 með síðari breytingum. Þær öðluðust gildi frá og með samþykkt þeirra á fulltrúaráðsfundi STEFs þann 25. maí 2022.

## Viðauki 1 – Leiðbeiningar um útsetningar

Það er grundvallarregla um verndun hugverka að verndin nái einungis til sjálfstæðrar, listrænnar sköpunar. Því geta réttindi aldrei náðst fyrir eftirlíkingar eða útvíkkun á því sem aðrir hafa skapað. Útsetningar eru því metnar eftir því hverju þær bæta við upprunalega verkið. Flest allar útfærslur, sem verið er að gera á einstökum verkum, falla EKKI undir sjálfstæða, listræna sköpun, en má fremur líkja við misflókið og viðamikið handverk.

Útsetningar fyrir einstök hljóðfæri eða smáar hljómsveitir fá því að öðru jöfnu aðeins útsetjarahlut að um sjálfstæða listsköpun með hliðsjón af frumverkinu sé að ræða og að það sem gert hefur verið nái út fyrir það sem krefjast þarf til að hægt sé að flytja verkið með þeirri hljóðfæraskipan og þeim röddum sem gengið er út frá. Ýmislegt fleira skiptir máli í mati á útsetningu, t.d. hvort hljómsetning fylgir ríkjandi hefðum innan þess stíls sem útsett er í eða hvort hún telst frumleg og gegnsamin og í grundvallaratriðum ólík því sem hefðin segir til um varðandi hljómsetningu og laglínu upprunalagsins.

Uppfylli útsetning skilyrðið um sjálfstæða og listræna sköpun getur hún orðið grundvöllur til úthlutunar höfundaréttartekna frá STEFi, skv. þeim reglum sem um slíkt gilda. Gerður er greinamunur á útsetningu þjóðlaga (og öðrum óvernduðum verkum) og útsetningu á verkum sem njóta höfundaréttarverndar.

Það er grundvallaratriði við útsetningu verndaðra verka að leyfi tónhöfundar (rétthafa) þarf fyrir útsetningunni, enda telst útsetning vera breyting á upphaflegu verki. Í slíku leyfi þarf þó ekki að felast afsal tónhöfundar á hlutdeild í höfundaréttargreiðslum vegna verksins, en um slíkt geta tónhöfundur og útsetjari samið. Sama gildir ef tónhöfundur biður um að verk sitt sé útsett.

Fallist tónhöfundur á að útsetjari fái hlutdeild í eldra tónverki, verður í raun til nýtt verk í gagnagrunni STEFs, með annarri skiptingu höfundaréttar en upphaflega verkið. Gott er að hafa í huga að hafi upphaflega verkið verið metið af matsmönnum STEFs í hærri flokk en almennan flokk (sjá nánar umfjöllun á heimasíðu STEFs um flokkun tónverka), þá færast matið ekki sjálfkrafa yfir á hið nýja útsetta verk, heldur þarf þá að óska eftir nýju mati á því í nýrri útsetningu. Ný flokkun á verki í nýrri útsetningu tekur þá til bæði framlags upphaflegs höfundar og útsetjara.

Hvað varðar útsetningar á þjóðlögum (eða verkum sem ekki eru lengur í vernd) fer útsetningin sjálfkrafa í almennan flokk. Í reglum um útsetningu þjóðlaga (sbr. tilheyrandi töflu) kemur fram, að við skráningu slíkra útsetninga hjá STEFi sé gert ráð fyrir að útsetningin fullnægi lágmarkskröfum um útsetningu. Útsetjarar geta óskað eftir mati matsmanna og nýrri flokkun á útsetningu þjóðlags. Vert er að hafa í huga í því sambandi, að matsmenn geta hugsanlega komist að þeirri niðurstöðu að útsetningin uppfylli ekki skilyrði um verkshæð (sbr. umfjöllun í reglunum). Slík niðurstaða leiðir til þess að hafnað er skráningu útsetningarinnar hjá STEFi.